

Landsfundur Samfylkingarinnar 2015

– að störfum fyrir almenning

Stjórn málaályktun

Leiðarstef jafnaðarmanna eru jöfnuður, sjálfbærni og friður. Við viljum gott samfélag þar sem stjórnvöld koma fram af virðingu við fólk og gæta jafnræðis. Samfélag þar sem við getum öll notið hæfileika okkar á eigin forsendum og þar sem grundvallar lífsgæði eru tryggð. Við ætlum að búa í nútímalegu og framsæknu samfélagi sem býður innflytjendur velkomna og er í nánum samskiptum við umheiminn. Við vinnum að auknum jöfnuði, sjálfbærni í notkun auðlinda og meiri virðingu fyrir umhverfinu, bæði hér heima og erlendis.

Brýnt er að bæta kjör fólks á Íslandi. Brottflutningur fólks frá landinu hefur aukist síðustu misseri. Samfylkingin vill snúa þeirri þróun við með fjölgun vel launaðra starfa og félagslegri þjónustu sem stenst samjöfnuð við það sem best gerist í nágrannalöndunum. Við verðum að tryggja að ungt fólk eigi framtíð og tækifæri á Íslandi.

Húsnæði er of dýrt. Fjöldi fólks getur ekki keypt sína fyrstu íbúð og skortur er á leiguhúsnæði og það er fokdýrt. Bráðaaðgerðir eru því nauðsynlegar. Auka þarf án tafar framboð á leiguhúsnæði, halda aftur af hækkun leiguverðs, hækka húsaleigubætur og gera fyrstu kaupendum og tekjulágum mögulegt að fjármagna sína fyrstu íbúð. Flýta þarf uppbyggingu íbúða fyrir aldraða.

Aðstæður atvinnulausra og öryrkja eru óviðunandi. Við þurfum að tryggja öllum mannsæmandi framfærslu og tækifæri til að vera þátttakendur í samfélaginu. Bæta þarf kjör aldraðra með betri almannatryggingum sem tryggja afkomu allra. Byggja þarf upp hjúkrunarrými og nýjar búsetulausnir fyrir aldraða.

Heilbrigðisþjónusta á að fjármagna með almennu skattfé og lækka þarf strax greiðslur almennings fyrir þá þjónustu. Rétturinn til menntunar á að vera öllum tryggður á tillits til aldurs eða efnahags. Við viljum framhaldsskóla fyrir alla.

Bæta þarf kjör og stöðu barnafjölskyldna sérstaklega. Lækka þarf kostnað við dagvistun um leið og aðgengi er bætt, auka þarf húsnæðisöryggi, og stytta vinnuviku.

Auka þarf tekjur samfélagsins af nýtingu sameiginlegra auðlinda og nýta þær til að byggja upp innviði og atvinnulíf um allt land og létta skattbyrði af almennu launafólki.

Framundan eru harðar kjaradeilur á vinnumarkaði. Brýnt er að vinna aftur traust milli launafólks, atvinnurekenda og ríkisvalds. Bæta þarf kjör þeirra sem lægst hafa launin með launahækkunum og aðgerðum opinberra aðila. Koma þarf á víðtæku, formlegu samráði þessara aðila um ákvarðanir sem varða kaupmátt og lífskjör almennings, húsnæðismál, skattbreytingar, peningastefnu og lykilstefnu í ríkisfjármálum. Slíkt samstarf er besta leiðin til þess að bæta kjör, vinna gegn misskiptingu og komast hjá uppnámi og óvissu á vinnumarkaði.

Efla þarf nýsköpun í íslensku atvinnulífi til að það standi undir væntingum fólks um góð störf. Auka þarf stuðning við sprota-, lítil og millistór fyrirtæki. Fyrsta skrefið er að lækka tryggingagjald sem leggst á launaútgjöld fyrirtækja. Þannig skapast svigrúm til að hækka laun og ráða fleira fólk.

Nauðsynlegt er að afnema gjaldeyrishöft til að halda stórum alþjóðlegum fyrirtækjum í landinu og og búa betur að þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem geta sótt sér fjármagn erlendis. Besta leiðin til þess er innganga í Evrópusambandið og upptaka evru.

Uppnámið sem skapast hefur um framtíð Íslands innan Evrópu stefnir tækifærum allra í hættu. Við viljum vera virkir þátttakendur í samfélagi þjóðanna. Farsæl Evrópusamvinna er ein forsenda þess að hér þróist öflugur vinnumarkaður og að kjör

launþega batni. Þjóðin á að fá tækifæri strax til að ákveða framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið.

Jafnaðarmenn standa vörð um stjórnfestu, þar sem reglur eru virtar og ákvarðanir fá eðlilega umfjöllun og meðferð. Ríkisstjórn þarf að virða þær meginreglur sem Alþingi markar með lögum og þingsályktunum, en ganga ekki fram í blóra við þær eins og gert hefur verið við meðferð aðildarumsóknar og Rammaáætlunar. Við viljum auka áhrif almennings á ákvarðanatöku hins opinbera. Styrkja þarf faglega stjórnsýslu og verja hana fyrir pólitískum afskiptum.

Þannig ætlum við að berjast gegn sérhagsmunum og frændhygli sem hefur haft skaðleg áhrif á íslenskt samfélag alltof lengi.

Breyta þarf stjórnarskránni í samræmi við staðfestan þjóðarvilja. Brýnast er að tryggja þjóðareign á sameiginlegum auðlindum og rétt almennings og minni hluta þings til að vísa málum til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Við óskum konum til hamingju með 100 ára afmæli kosningaréttar þeirra. Með jöfnuð, frelsi og réttlæti að leiðarljósi byggjum við upp samfélag til framtíðar.